

Sýning Listmálarafélagsins

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Nýstofnað Listmálarafélag leitast við að vekja athygli á tilveru sinni með myndarlegri samsýningu félagsmanna að Kjarvalsstöðum og lýkur henni á sunnudagskvöld.

Formlega var félagið stofnað hinn 15 apríl sl. en aðdragandinn er þó miklu lengri. Má hiklaust telja, að hér sé á ferð enn eitt stéttarfélag myndlistarmanna, sem móðurfélagið FÍM (Félag íslenskra myndlistarmanna) á mikinn þátt í að stofna með vanhugsuðum stjórnunaraðgerðum.

Í hita Kjarvalsstaðadeilunnar fyrir fjórum árum komu saman nokkrir listmálarar á kennarastofu Myndlista- og handiðaskólans til að semja stuðningsyfirlýsingu við svokallað bráðabirgðasamkomulag er þá lá frammi. Vildum við binda endi á deilurnar og að tíminn yrði notaður til rökræðna um hagkvæmstu lausn á framtíðarstjórn hússins. Hér vorum við í andstöðu við stjórn FÍM og BÍL (Bandalag íslenskra listamanna). Átti þessi yfirlýsing, sem við allir (9) skrifuðum undir nokkurn þátt í því að deilan leystist, en mönnum varð þá ljóst að sú eining er sögð var meðal listamanna var ekki í samræmi við yfirlýsingar forystumanna. Við gátum auðveldlega tvöfaldað nafnalistann en létum nöfn okkar nægja. Það var einmitt þá sem til tals kom, að stofna sérstakt stéttarfélag málara enda værum við þeir einu innan FÍM, sem ekki höfðum þegar stofnað sérfélag um hagsmunum okkar. Hugmyndin fékk mjög góðar undirtektir og er það einungis fyrir drottunga tilverunnar, að ekki hefur orðið af stofnun félagsins fyrr en nú. Stofnfélagar eru m.a. allir er voru á fyrrnefndum fundi að einum undanskildum.

Þess má geta, að listmálarar eru einmitt fjölmennasti geirinn



Nokkrir þeirra listmálarar, sem myndir eiga á sýningu Listmálarafélagsins að Kjarvalsstöðum. Taldir frá vinstri: Valtýr Pétursson, Gunnar Örn Gunnarsson, Kjartan Guðjónsson, Sigurður Örylgason, Jóhannes Jóhannesson, Hafsteinn Austmann og Einar G. Baldvinsson.

innan FÍM svo að það er ekki vonum fyrr að þeir stofni með sér hagsmunafélag.

Er gengið var frá stofnun félagsins nú í vor var lögð megináhersla á algjöra samstöðu félagsmanna og að fá sem flesta þeirra til að vera virkir frá upphafi. Þetta hefur einmitt tekist á þann veg að allir stofnendurnir eru með á þessari fyrstu sýningu félagsins að Kjarvalsstöðum og er það út af fyrir sig umtalsvert afrek. Þá var það líka umtalsvert afrek, sem kann að marka tímamót ekki síður en hitt, að allir þessir stofnendur að þrem undanskildum, er voru löglega forfallaðir, komu saman í góðum

fagnaði að kvöldi opnunardagsins.

Má ætla, að allir hefðu fagnað stofnun þessa sjálfsagða félags en sú hefur víst ekki orðið raunin á svo sem sjá hefur mátt er fjallað hefur verið um framtakið í fjölmiðlum.

Hér er þó ekki verið að stofna félag til höfuðs öðru en ólýðræðislegum vinnubrögðum á íslenskum myndlistarvettvangi og höfða jafnframt til samstöðu, manndóms og eindrægni. Fólk er orðið svo ruglað á þessum hlutum, að það veit hvorki upp né niður og er þetta þannig einnig viðleitni til að skýra stöðuna í dag.

Þess má geta að inntökuskilyrðin eru svipuð og voru áður í FÍM og mun félagsmönnum því vafalaust fjölga í framtíðinni og í fyllsta samræmi við rökréttu þróun um virkni og samstöðu hvað sem öllum sérsköðunum viðvíkur innan félagsins.

Þá hefur hvorki verið rætt um lágmarksaldur frekar en hámarksaldur en skoðanir meirihluta munu ráða um framtíðarþróunina og hér mun verða leitast við að sem flestir verði virkir þátttakendur og láti skoðanir sínar óhikað í ljós.

Það veit sá er þessar línur ritar, að þekking erlendrar á íslenskri myndlist er lítil og ruglingskennd og að mikill áhugi er

fyrir því að fá úr þessu bætt m.a. með aukinni kynningu á íslenskri málalari í formi sýninga og útgáfustarfsemi.

Framtíðarverkefni félagsins felst m.a. í því að sinna þessum þáttum, og leita fyrir sér að föstum sýningarvettvangi erlendis ekki síður en hérlendis.

Af ofanskráðu má vera ljóst að félagsmenn eru ekki að troða öðrum um tær en þeim er virðast vilja ráða þróuninni í einu og öllu og einungis kynna það á erlendum vettvangi sem þeim er þóknlegt að viti að útlendum, — en fela hitt. Furðar engann lifandis par, að slíkum sé misbodið.

Að hér hafi verið tekin farsæl stefna í hagsmunamálum myndlistarmanna sannar gengi sýningarinnar meðal almennings, þrátt fyrir takmarkaða umfjöllun í fjölmiðlum og einhvers afleitasta sýningartíma ársins. Við þetta bætist nýafstaðin Listahátíð, sem mettar flesta af listsköpun um langa framtíð og skapar eyðu í aðsókn að listviðburðum.

Í stuttu máli þá hefur aðsókn og gengi sýningarinnar almennt farið fram úr björtustu vonum og þannig er þriðjungur mynda á sýningunni seldur er þetta er ritad, — sem í sjálfu sér er einisdæmi um samsýningu málara hérlendis.

Um sýninguna sjálfa hef ég það að segja, að mér segir svo hugur um að þetta sé ein heillegasta samsýning jafn margra málara um árabíl. Ýmsir agnár eru að sjálfsögðu á framtakinu enda fyrirvarinn stuttur og í enga sjóði né reynslu að leita. En sjón er sögu ríkari og ég taldi það verðugara mark að fjalla um félagsstofnunina almennt en um myndir einstakra félagsmanna. Eyða misskilningi og skýra í fáum dráttum stefnmörkun félagsins.

Það er þegar ljóst, að hér mun hafa verið farið rétt af stað og að Listmálarafélagið hefur í sér vaxtarbrodd til að verða öflugasti og virtasti myndlistargeirinn. Hvort svo verður sker tíminn úr um en að því ber hiklaust að stefna.

— Svo er að lita björtum augum til framtíðarinnar og hugsa stórt.

Úrslit útiskákmóts Skáksambandsins

Skáksamband Íslands hélt útiskákmót á Lækjartorgi mánudaginn 5. júlí, svo sem fram hefur komið í Mbl. Alls styrktu 30 fyrirtæki SKÍ vegna þátttöku Íslands í Evrópukeppni landsliða. Úrslit mótsins urðu þessi:

1. sæti: Þjóðviljinn 7 v. 2. sæti: Búnaðarbankinn 5½ v. 3.—4. sæti: Morgunblaðið, Útvegsbanki Íslands 5 v. 5.—9. sæti: Landsbanki Íslands, Almenna verkfræðistofan, Dagblaðið & Vísir, B.M. Vallá, Smíðastofa Halldórs Karlssonar 4½ v. 10.—13. sæti: Tíminn, Flugleiðir, Álafoss, Hampiðjan 4 v. 14.—15. sæti: Guðmundur Arason — Smíðajárn, Málning hf. 3½ v. 16.—23. sæti: Samvinnutryggingar G.T., Vörumerking hf., Brunabótafélag Íslands, Þýsk-Íslenska verslunarfélagið, Samvinnubankinn, Sanitas, Eimskip, Egill Vilhjálmsson hf. 3 v. 24.—26. sæti: Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Slippurinn — málningarverksmiðja, Hlaðbær 2½ v. 27. sæti: Verslunarbanki Íslands 2 v. 28. sæti: Hljómbær 1½ v. 29.—30. sæti: Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Tímaritið Skák 1 v.

Dagblaðið Tíminn gaf farandbikar til keppni þessarar. Sterkustu skákmenn landsins tefldu fyrir hönd þessara fyrirtækja. Fyrir hönd Þjóðviljans tefldi Helgi Ólafsson.

GOOD YEAR
GEFUR RÉTTA GRIPIÐ

**UMBOÐSMENN
UM
LAND ALLT**

HEKLA HF
Laugavegi 170-172 Sími 21240